

## Erindisbréf endurskoðunar- og áhættunefndar

### 1. Markmið

Endurskoðunar- áhættunefnd er skipuð af stjórn og starfar í umboði og á ábyrgð hennar. Markmið með skipan nefndarinnar er að hún sinni tilteknim verkefnum fyrir stjórn sem snúa að eftirliti án þess þó að það hafi áhrif á ábyrgð stjórnar og stjórnenda á þeim verkefnum. Um er að ræða eftirlit sem snýr að vinnuferlum við gerð reikningsskila, eftirlit með skipulagi, virkni innra eftirlits, áhættustýringu og innri endurskoðun. Þá skal nefndin sinna eftirliti með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings og meta óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja og hafa eftirlit með störfum endurskoðenda. Nefndin kemur að vali á ytri og innri endurskoðendum og vali á endurskoðunarfyrirtækjum sem falin kann að vera þessi endurskoðun með verksamningum.

### 2. Umfang

Endurskoðunar- og áhættunefnd sparisjóðsins var upphaflega skipuð sem endurskoðunarnefnd. Með auknum kröfum löggjafans um skipan áhættunefndar fékkst heimild til handa sparisjóðnum þess efnis að vegna smæðar hans mætti fela endurskoðunarnefndinni aukið hlutverk á sviði eftirlits með áhættustýringu sjóðsins og heitir því nú endurskoðunar- og áhættunefnd.

### 3. Heimildir endurskoðunar- og áhættunefndar

Endurskoðunar- og áhættunefnd hefur heimild til beinna samskipta við stjórn, stjórnendur, ytri endurskoðanda og innri endurskoðanda. Endurskoðunar- og áhættunefndin hefur einnig eftirfarandi heimildir:

#### 3.1. Heimildir

3.1.1. Hún hefur ótakmarkaðan aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum sem nefndin þarf til þess að sinna hlutverki sínu.

3.1.2. Hún hefur heimild til að kalla starfsmenn og stjórnendur til fundar og skulu starfsmenn og stjórnendur svara þeim upplýsingum sem þar eru lagðar fram og nauðsynlegar eru til þess að nefndin geti sinnt hlutverki sínu.

3.1.3. Henni er heimilt að kalla til óháða ráðgjafa sem nefndin telur nauðsynlega svo hún geti sinnt hlutverki sínu. Kostnaður vegna slíkrar ráðgjafar skal samþykktur af stjórn.

3.1.4. Hún getur hlutast til um að greiða úr ágreiningi sem kann að koma upp á milli ytri endurskoðanda og stjórnenda og varða fjárhagslegar upplýsingar.

3.1.5. Annað sem endurskoðunar- og áhættunefnd telur nauðsynlegt svo hún geti sinnt hlutverki sínu.

#### **4. Skipulag**

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal skipuð innan mánaðar frá því ný stjórn tekur til starfa og er nefndin skipuð til eins árs í senn.

Endurskoðunar- og áhættunefndin samanstendur af þremur aðilum, tveimur aðilum frá stjórn og einum utanaðkomandi aðila. Stjórnarformaður sparisjóðsins skal ekki sitja í endurskoðunar- og áhættunefnd né þeir aðilar sem eru fjárhagslega tengdir sparisjóðnum. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar og reikningsskila.

#### **5. Fundarstörf**

Endurskoðunar- og áhættunefndin skal funda a.m.k. fjórum sinnum á ári. Gert er ráð fyrir að nefndarmenn sitji alla fundi nefndarinnar þannig að fundir séu alltaf fullskipaðir. Nefndarmenn eiga einir kröfu til þátttöku á fundunum.

Á fyrsta fundi eftir kjör (endurkjör) nefndarinnar skal hún velja formann og fundarritara. Fundargerð skal rituð og samþykkt á næsta fundi nefndarinnar. Stjórn skal hafa aðgang að fundargerðum endurskoðunar-og áhættunefndar.

Endurskoðunar- og áhættunefnd er heimilt að kalla aðila utan nefndar á fundi sína, svo sem sparisjóðsstjóra, skrifstofustjóra, ytri endurskoðanda eða innri endurskoðanda.

#### **6. Skyldur endurskoðunar- og áhættunefndar**

Helstu verkefni nefndarinnar eru þessi:

##### **6.1. Fjárhagslegar upplýsingar**

6.1.1. Nefndin fer yfir reglubundnar fjárhagsupplýsingar. Hún fer sérstaklega yfir mikilvæg, flókin og óvenjuleg viðskipti og matskennda liði.

6.1.2. Nefndin yfirfer niðurstöður fjárhagslegra upplýsingar með ytri endurskoðanda og stjórnarmönnum.

6.1.3. Nefndin yfirfer reglubundna skýrslugerð stjórnenda til stjórnar.

6.1.4. Önnur verkefni á sviði fjárhagslegra upplýsinga.

##### **6.2. Innra eftirlit og áhættustýring**

6.2.1. Nefndin leggur mat á eftirlitsumhverfi sparisjóðsins.

6.2.2. Nefndin skal meta skilvirkni innra eftirlits og eftirlitskerfa ásamt skipulagi og virkni heildaráhættustýringar sparisjóðsins.

6.2.3. Nefndin skal koma að mati á áhættustefnu sparisjóðsins og veita stjórn ráðgjöf um hana.

6.2.4. Endurskoðunarnefnd skal fylgjast með stjórnskipulagi áhættustýringar sparisjóðsins svo sem stefnum, verklagsreglum, viðmiðunum, vikmörkum, greiningum, mælingum, vöktun, stýringu og upplýsingagjöf um áhættuþætti sem felast í starfsemi hans.

6.2.5. Nefndin skal fylgjast með framkvæmd áhættustýringar og skulu reglubundnar skýrslur sparisjóðsstjóra, sem jafnframt ber ábyrgð á áhættueftirliti sjóðsins, lagðar fyrir nefndina.

6.2.6. Nefndin leggur mat á umfang almenns tölvueftirlits.

6.2.7. Nefndin skal fara yfir og leggja mat á niðurstöður ytri og innri endurskoðenda er varða innra eftirlit og áhættustýringu.

### 6.3. Innri endurskoðun

6.3.1. Nefndin skal yfirlara og samþykkja erindisbréf um innri endurskoðun sjóðsins.

6.3.2. Nefndin kemur að ráðningu og uppsögn innri endurskoðanda.

6.3.3. Nefndin samþykktir endurskoðunaráætlun innri endurskoðanda og allar breytingar á henni.

6.3.4. Nefndin leggur mat á frammistöðu innri endurskoðanda sjóðsins að minnsta kosti einu sinni á ári.

6.3.5. Nefndin leggur mat á það hvort störf innri endurskoðunardeildar uppfylli lög, reglur og/eða staðla þar að lútandi.

6.3.6. Nefndin hittir innri endurskoðanda reglulega á fundi til þess að fara yfir mál sem nefndin telur ástæðu til að ræða eða mál sem hann vill koma á framfærí.

6.3.7. Nefndin yfirfer skýrslur innri endurskoðunardeildar og metur innleiðingu stjórnenda á tillögum til úrbóta frá innri endurskoðanda.

### 6.4. Ytri endurskoðun

6.4.1. Nefndin setur fram tillögur um val á ytri endurskoðanda og samningum um þóknun hans.

6.4.2. Nefndin skal yfirlara endurskoðunaráætlun ytri endurskoðanda og leggja mat á umfang og nálgun endurskoðanda, þar með talið samræmingu milli vinnu ytri endurskoðanda og innri endurskoðanda.

6.4.3. Nefndin metur frammistöðu ytri endurskoðandans og gerir tillögu um ráðningu og uppsögn ytri endurskoðanda..

6.4.4. Nefndin fer yfir óhæði ytri endurskoðanda og kallar eftir yfirlýsingu þess efnis.

6.4.5. Nefndin hittir ytri endurskoðanda á fundi reglulega þar sem farið er yfir málefni sem nefndin og/eða ytri endurskoðandi telur að þurfi að ræða án aðkomu stjórnenda sjóðsins.

6.4.6. Nefndin yfirfer skýrslur ytri endurskoðanda og metur innleiðingu stjórnenda á tillögum til úrbóta frá honum.

## 6.5. Hlítni við lög og reglur

6.5.1. Nefndin fer yfir skilvirki þess eftirlitskerfis sjóðsins sem vaktar hlítni við lög og reglur og eftirfylgni með frávikum.

6.5.2. Nefndin yfirferð athugasemdir sem fram koma frá opinberum eftirlitsaðilum og yfirvöldum.

## 7. Sjálfsmat endurskoðunar- og áhættunefndar

### 7.1. Kröfur um sjálfsmat

7.1.1 Nefndin leggur sjálfstætt mat á störf einstakra nefndarmanna og störf nefndarinnar í heild sinni.

7.1.2. Nefndin fer árlega yfir starfshætti nefndarinnar og gerir breytingar á þeim eftir þörfum.

7.1.3. Starfsáætlun endurskoðunar- og áhættunefndar skal lögð fram árlega og samþykkt af stjórn.

## 8. Upplýsingagjöf til stjórnar

Undirnefndir vegna starfsemi stjórnar gegna ekki hlutverki staðengla stjórnar og draga ekki úr ábyrgð stjórnar á viðkomaði efnispætti. Endurskoðunar- og áhættunefnd sparisjóðsins er stuðningur við stjórnina og henni er ætlað að vera ráðgefandi. Endurskoðunarnefndin þarf því að upplýsa stjórn reglulega um störf sín og gefa stjórn skriflegar ráðleggingar þegar það á við, svo sem er varðar mat á stjórnskipulagi áhættustýringar og innra eftirlits.

Árlega skal endurskoðunar- og áhættustýringarnefnd leggja fyrir stjórn skýrslu um störf sín.

## 9. Önnur mál

Nefndarmenn eru bundnir trúnaði og þagnarskyldu og þeir skulu meðhöndla öll gögn sem þeir vinna með sem trúnaðargögn.

Nefndarmönum er óheimilt að fjalla um mál þar sem þeir eru vanhæfir vegna tengsla og þeir skulu meta eigið hæfi og upplýsa aðra nefndarmenn um það.


Nefndarmönum er heimilt að segja upp nefndarstarfi sínu hvenær sem er og skal þá skipaður aðili í stað þess sem hætti störfum. Stjórn er heimilt að víkja nefndarmanni úr nefndinni án fyrirvara og/eða rökstuðnings.

Nefndarmenn fá greidda þóknun fyrir hvern fund (eða fasta þóknun) og ákveður stjórn þóknun nefndarmanna.

Nýir nefndarmenn skulu staðfesta að þeir hafi lesið og skilið erindisbréf endurskoðunar- og áhættunefndar.

Erindisbréf þetta skal yfirlifið árlega og því breytt ef þurfa þykir.

Samþykkt af stjórn dags.: 27/6 2016

Samþykkt af endurskoðunar- og áhættunefnd dags.: 4. nóv 2016